



HÚSAVÍKURKAUPSTAÐUR KETILSBRAUT 9 640 HÚSAVÍK

BÆJARSKRIFSTOFA - REKSTRARDEILD: SÍMI 464-1222 • ORKUVEITA: SÍMI 464-1396

MYNDSENDIR: 464-2148 • PÓSTHÓLF: 54

KENNITÖLUR: BÆJARSJÓÐUR: 640169-5599 • HAFNARSJÓÐUR: 650371-2329 • ORKUVEITA: 641195-2359

Landvari
Pósthólf 977
121 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 123/238
komudagur 24.11.198


Húsavík, 20. nóv. 1998

Erindi félagsins varðandi hækkanir á þungaskatti, dags. 4. nóv. s.l. hefur verið tekið til umfjöllunar í bæjarráði Húsavíkur. Bæjarráðið gerði ekki sérstaka bókun í málinu en fól undirrituðum að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Bæjarráð Húsavíkur tekur undir þau megin sjónarmið sem fram koma í erindi félagsins varðandi þau áhrif þungaskattsins að leggjast með sérstökum þunga á vöruflutninga til landsbyggðarinnar. Telur bæjarráð það skjóta skökku við að á sama tíma og þingmenn og ráðherrar tala um nauðsyn þess að takast á við þann mikla vanda sem byggðaröskunin í landinu er, skuli þeir á sama tíma leggja á gjöld sem beinlínis rýra búsetuskilyrði á landsbyggðinni. Bæjarráð Húsavíkur krefst þess að löggjafinn taki þannig á málum að þungaskattskerfið verði ekki til þess að íþyngja sérstaklega þeim rekstraraðilum sem keyra á langleiðum, oft án fullrar hleðslu flutningatækjanna.

Það er skoðun bæjarráðs Húsavíkur að löggjafinn ætti að nýta það tækifæri sem nú gefst og taka með heildstæðum hætti á gjaldtöku vöruflutninga á landsbyggðinni og jafnframt því að gera nauðsynlegar breytingar á þungaskattskerfinu verði álagningu virðisaukaskatts á vöruflutninga innanlands hætt.

Með vinsemd og virðingu,

Bæjarráð Húsavíkur

Reinhard Reynisson

Afrit: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.